SVANSMERKIÐ
Prentgripur
1041 0858

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Nr. 2552 Síðan 1968 52. árgangur
Miðvikudagur 17. júní 2020
dfs@dfs.is – vefútgáfa: dfs.is
Sími 482 1944 · Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Jarðvinna við byggingu grunnskóla í Bjarkarstykki í útboð

Aðkoma að nýjum grunnskóla í Bjarkarstykki.

Grunnskóli í Bjarkarstykki séður aftan frá.

Á fundi eigna- og veitusviðs Árborgar var lögð fram frumkostnaðaráætlun vegna jarðvegsframkvæmda nýs grunnskóla sem rísa á í Bjarkarstykki á Selfossi. Nefndin hefur falið mannvirkja- og umhverfissviði að bjóða verkið út. Stefnt er á að útboðið verði klárt um mánaðamót og að jarðvinna hefjist í ágúst næstkomandi.

Hönnun grunnskólans komin vel á veg

Hönnun grunnskólans er komin vel á veg samkvæmt upplýsingum frá Tómasi Ellert Tómassyni, bæjarfulltrúa M-lista og formanni eigna- og veitunefndar Árborgar. Fyrsti áfangi er 4.400 m² að stærð. Áætlað er að sá hluti byggingarinnar verði að fullu risinn í maí 2022. Heildarbyggingin mun verða rétt rúmir 10 þúsund fermetrar að stærð, á tveimur hæðum, þegar skólinn er full búinn. „Það er líklegt að ráðist verði í frekari framkvæmdir eftir því sem þörf er fyrir eftir að þessum fyrsta áfanga er lokið. Mögulega verður það strax að hausti 2022 verði þörfin fyrir hendi þá, segir Tómas Ellert. Í skólabyggingunni verður, þegar henni er lokið að fullu, leik- grunn- og tónlistarskóli ásamt íþróttahúsi. Skólinn er hugsaður fyrir um 700 nemendur frá aldrinum 1-15 ára. Í skólanum er gert ráð fyrir um 100 starfsmönnum. Lóðin er alls 28.690 m² að stærð. *-gpp*



Úr nýrri dælustöð Selfossveitna. Mynd: Dagskráin/GPP

Ný dælustöð Selfossveitna

Þann 6. maí síðastliðinn var tekin í gagnið ný dælustöð Selfossveitna við Austurveg 67. Um er að ræða aðaldælustöð hitaveitunnar fyrir Sveitarfélagið Árborg, en nýja stöðin eykur verulega afhendingaröryggi á heitu vatni til íbúa og fyrirtækja í sveitarfélaginu. Við stöðina er meðal annars varaaflgjafi sem getur keyrt stöðina komi til rafmagnstruflana á landsnetinu. Það eitt kemur til þess að auka afhendingaröryggi á heitu vatni til íbúa Árborgar umtalsvert.

Þreföld dælugeta nýrrar stöðvar

Í samtali við Sigurð Þór Haraldsson, veitustjóra hjá Árborg segir hann stöðina mikið framfaraskref. „Dælustöðin, sú eldri, var keyrð á fullum afköstum sem eru 240 l/sek. Það rétt dugði til að halda hlutunum gangandi í sveitarfélaginu. Skemmst er að minnast þess þegar við þurftum að draga úr heitavatnsnotkun í vetur vegna kulda og laugunum lokað tímabundið. Það var í raun vegna þess að dælubúnaðurinn dugði vart til að keyra allt kerfið. Nú höfum við mun öflugri búnað. Stöðin getur afkastað um 750 l/sek. sem ætti að geta afhent heitt vatn í 30 þúsund manna samfélag. Eins og stöðin er sett upp þá er alltaf ein dæla til vara og því enginn skerðing á þjónustu þó dæla bili. Þetta, eins og annað, tryggir afhendingaröryggi til íbúa sem er auðvitað okkar aðalmarkmið hér.“

Lykilatriði að hugsa til framtíðar

Það er hugsað stórt hjá Selfossveitum því ekki er tjaldað til einnar nætur í stórum framkvæmdum sem þessum. Aðspurður um hvort þetta sé ekki vel í lagt segir Sigurður: „Það þarf að hugsa til framtíðar í svona hlutum. Afhendingaröryggið er númer eitt, tvö og þrjú. Sveitarfélagið er að stækka og við viljum vera undir það búnir og tryggja að hægt sé að afhenda heitt vatn þrátt fyrir fjölgun íbúa og fyrirtækja í sveitarfélaginu. *-gpp*

Fröken Lunn kemur í heimsókn

Höggmyndin, Húsið og íslenski hesturinn

Sumarsýning Byggðasafns Árnesinga verður opnuð í borðstofu Hússins á Eyrarbakka sunnudaginn 21. júní klukkan 14. Sýningin heitir *Fröken Lunn kemur í heimsókn - Höggmyndin, Húsið og íslenski hesturinn*. Viðfangsefni sýningarinnar er Agnes Lunn, dönsk myndlistarkona sem setti svip sinn á bæjarlífið á Eyrarbakka í upphafi tuttugustu aldar. Hún dvaldi jafnan sumarlangt í Húsinu í boði Lefolii kaupmanns og vann gjarnan úti við að list sinni og fangaði með henni sitt uppáhaldsviðfangsefni; íslenska hestinn. Sýningarstjóri er Ásgerður Júníusdóttir, Safnasjóður og Uppbyggingasjóður Suðurlands styrktu sýninguna sem stendur til septemberloka.

Ókeypis aðgangur er á söfnin á Eyrarbakka á sunnudag og léttar veitingar við sýningaropnun.

Í kjölfar opnunar sýningarinnar verður spilað á fyrsta pianóið sem kom í Húsið en það var gefið safninu nýlega. Þetta er píanó sem var í Húsinu tímabilið 1855 til 1871. Þá fór það úr Húsinu til hjúa sem kynntust í Húsinu. Afkomendur þeirra gefa nú safninu píanóið og er það komið í sitt upprunalega hús, Húsið á Eyrarbakka.

Hvernig væri að leggja leið sína á Eyrarbakka og heimsækja söfnin? Húsið er heillandi og sögufrægt kaupmannsheimili þar sem sögð er meira en 250 ára gömul saga verslunar og menningar. Sjóminjasafnið hýsir hið merka áraskip Farsæl og undraveröld fugla og eggja er í Eggjaskúr. Í litla alþýðuhúsinu Kirkjubæ er sýning um byltingartímana þegar rafljós kom í hús og fólk eignaðist útvarp og gúmmístígvél. Ratleikur um allt safnasvæðið er í boði fyrir alla fjölskylduna. Opið alla daga í sumar kl. 11–18.

Íbúar í Hrunamannahreppi vilja lágvöruverðsverslun

Miklar og heitar umræður hafa skapast hjá íbúum í Hrunamannahreppi vegna mikillar óánægju með þær breytingar sem gerðar voru á versluninni á Flúðum þegar nafni hennar var breytt í Krambúð. Nýlega var haldinn almennur íbúafundur en þar var málið tekið fyrir vegna óska um það og íbúar lýstu óánægju. Í kjölfarið var farið af stað með undirskriftasöfnun til þess að hvetja lágvöruverðsverslanir til þess að opna verslun í sveitarfélaginu. Í samtali við Daða Geir Samúelsson, íbúa í Hrunamannahreppi segir hann að það sé mikið kappsmál fyrir íbúa að hafa góða verslun með breytt vöruúrval. „Verslunin Samkaup strax hefur verið þarna lengi. Svo var íbúum tilkynnt að breyta ætti versluninni og lækka vöruverð allt að tíu prósentum. Á leiðinni varð einhver viðsnúningur með þá ákvörðun og versluninni breytt í Krambúð. Vöruúrvalið er eftir því, orkudrykkir og sælgæti, en íslenskt grænmeti, sem er að miklu leyti ræktað í héraðinu, fæst ekki í versluninni og það þykir okkur ekki til fyrirmyndar. Íbúar tala um að þurfi að versla meira en eina til tvær vörur sé betra að aka niður á Selfoss eftir þeim, því slíkur sé munurinn á álagningu. Við teljum að forsendur ættu að vera fyrir því að reka lágvöruverðsverslun hér með góðu úrvali. Það er fjöldi fólks hér í uppsveitum sem myndi nýta sér það í stað þess að aka niður á Selfoss. Þá er óátalið sú sumarhúsabyggð sem er í kring og þeir ferðamenn sem koma hér allt árið," segir Daði Geir að lokum. *-gpp*

Hrós vikunnar

Sigurjón Bergsson
er hrósari vikunnar að þessu sinni:

Sigurjón Bergsson

Takk kærlega fyrir áskorunina Karítas! Mig langar að hrósa þjálfurum yngri flokka hjá Ungmennafélagi Selfoss. Sama í hvaða grein þeir þjálfa þá eiga þeir allir skilið hrós fyrir frábært framlag til uppbyggingar íþróttastarfs hér á Selfossi. Þó langar mig að taka einn þeirra sérstaklega út fyrir sviga. Trausti Rafn Björnsson er þjálfari 6. flokks kvenna og reyndar annarra flokka líka, en hann á sérstakt hrós skilið fyrir sitt starf! Það er frábært að sjá hvað flokkurinn hefur stækkað og eflst undir hans stjórn! Vel gert Trausti!

Sigurjón Bergsson

Mig langar að skora á félaga minn í Björgunarfélagi Árborgar og góðan vin, Tryggva Hjört Oddsson að koma með hrós vikunnar í næstu viku!

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Tryggvi, sendu okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)

Þefvísi fíkniefnaleitarhundurinn Stormur kemur upp um kannabisræktun

Stormur, fíkniefnahundurinn knái, fann 280 kannabisplöntur á Suðurlandinu þann 5. júní sl. Lögreglan á Suðurlandi naut liðsinnis hundsins, eins og oft áður, við leit að fíkniefnum. Embættið hefur haft í nógu að snúast í því að uppræta kannabisræktendur undanfarið, en sagt var frá stórum fíkniefnafundi í síðasta tölublaði Dagskrárinnar þar sem komu í leitirnar tæp 30 kíló af kannabisefnum sem fundust í sendibifreið í uppsveitum Árnessýslu.



Stormur ánægður með dagsverkið, en hundurinn var ekki lengi að renna á lyktina og staðfesta grun lögreglu um kannabisræktun.

Hundurinn rann á lyktina

Fíkniefnaleitarhundurinn Stormur var fenginn til þess að aðstoða lögreglu vegna gruns um að fíkniefni væri að finna. Við leitina staðfesti Stormur fíkniefnalykt á viðkomandi sveitabæ. Í kjölfarið fór lögregla fram á við Héraðsdóm Suðurlands að heimiluð yrði leit í húsnæðinu. Í samtali við lögregluna kemur fram að hefði hundsins ekki notið við er óvíst að kannabisræktunin hefði fundist. Hundurinn var ekki lengi að renna á lyktina og koma upp um ræktunina sem átti sér stað í haughúsi í útihúsi við sveitabæinn. Fjórir voru handteknir á vettvangi í þágu rannsóknarinnar. Málið er enn til rannsóknar og fer svo sína leið til ákærusviðs. Það er ekki úr vegi að minna á það að nafnlausar ábendingar til lögreglu skila gjarnan árangri í þessari baráttu. *-gpp*

Laust starf í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Fulltrúi á skrifstofu sveitarfélagsins

Starf fulltrúa á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps er laust til umsóknar. Starfshlutfall er 50%.

Starfssvið
- Skjalavarsla
- Umsjón með heimasíðu sveitarfélagsins
- Greiðsla reikninga
- Upplýsingagjöf til íbúa og annarra viðskiptavina
- Símsvörun
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur og menntun:
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta
- Nákvæmni og skipuleg vinnubrögð
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af skrifstofustörfum og bókhaldi er kostur
- Hreint sakavottorð

Starfskjör og laun eru í samræmi við samninga Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hvetur einstaklinga óháð kyni til að sækja um ofangreind störf.

Íbúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru um 600, skrifstofa sveitarfélagsins er staðsett í félagsheimilinu Árnesi. Þrír starfsmenn vinna á skrifstofu sveitarfélagsins, heildarfjöldi starfsmanna er um 40.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Kristófer Tómasson, sveitarstjóri, sími 486 6100. Umsóknum ber að skila á netfang sveitarstjóra, kristofer@skeidgnup.is fyrir 30. júní nk.

EFLING STÉTTARFÉLAG

ÞJÓNUSTUFULLTRÚI Í HVERAGERÐI

Efling er annað stærsta stéttarfélag landsins með hátt í 30.000 félagsmenn á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi. Félagið stendur vörð um réttindi og berst fyrir bættum kjörum félagsmanna sinna.

Efling stéttarfélag leitar að þjónustufulltrúa á skrifstofu félagsins í Hveragerði. Við hvetjum áhugasama til að sækja um óháð kyni og uppruna. Um er að ræða 75-100% starf.

Helstu verkefni:
- Símsvörun
- Móttaka og afgreiðsla félagsmanna
- Almenn skrifstofustörf

Hæfniskröfur:
- Góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund
- Góð tölvukunnátta (Office 365)
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði
- Góð tök á íslensku og ensku
- Pólskukunnátta kostur

Umsóknir með ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi óskast fylltar út á **hagvangur.is.**

Nánari upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með **30. júní nk.**

HAGVANGUR

Öldur - Ljósm. Kristín Snorradóttir Waagfjörð

Ljósmyndasýning Bliks á Hótel Selfossi

Ljósmyndaklúbburinn Blik var stofnaður á vordögum 2008 og hefur haldið sýningar á hverju ári, oftast á lista- og menningarhátíðinni Vori í Árborg en eins og öllum er kunnugt var hún blásin af í ár vegna hins alræmda kórónuveirufaraldurs. Við setningu þeirrar hátíðar hefur Blik opnað sína sýningu með pompi og prakt en í ár var ákveðið að opna sýninguna á þjóðhátíðardaginn, 17. júní (í gær) í anddyri Hótels Selfoss. Þar gefur að líta yfir 50 myndir af öllum stærðum og gerðum eftir 15 ljósmyndara. Viðfangsefni sýningarinnar að þessu sinni er *árstíðirnar*. Sýningin stendur í eitt ár, þ.e. fram að næsta Vori í Árborg og allir velkomnir að koma og berja dýrðina augum.

- km/h

Blanda sem vart getur brugðist

Viðburðaröðinni Menningarsumar í Bókakaffinu var hleypt af stokkunum á sunnudaginn. Yfirskrift þessarar fyrstu dagskrár var *Nú andar suðrið* og var áhersla lögð á ljúfa tóna og þýðingar. Lesið var úr skáldsögum og leikritum, gömlum sem og óútkomnum. Höfundar og þýðendur voru þau Halldóra Thoroddsen, Hallgrímur Helgason, Helga Soffía Einarsdóttir og Árni Óskarsson. Þá var dagskráin römmuð inn af tveimur stuttum tónverkum sem Pamela de Sensi lék á þverflautu.

Sniðið var nokkuð óhefðbundið, því talið var inn á viðburðinn en dagskráin var flutt tvisvar, kl. 14 og kl. 15. Þá var bryddað upp á þeirri nýjung að lesa í innri gætt Menningarsalarins, sem mæltist vel fyrir. Færri komust að en vildu, enda takmarkaður sætafjöldi á fordæmalausum tímum. Dagskráin heppnaðist vel enda upplestur, tónlist og kaffi blanda sem vart getur brugðist. Þeir sem ekki komust að geta nálgast upptöku eða streymi frá fundinum á Facebook-síðu viðburðarins, Menningarsumar í Bókakaffinu.

Næsti viðburður fer fram sunnudaginn 12. júlí næstkomandi með sama sniði; talið inn og sama dagskrá flutt tvisvar. Þá verður þemað: *Dáið er allt án drauma.* Draumkennd ljóðadagskrá fyrir krúttkynslóð og hnakka og meðal lesara verða Steinunn Sigurðardóttir, Brynjólfur Þorsteinsson og Harpa Rún Kristjánsdóttir. Fólk er hér með hvatt til að taka daginn frá.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Hjá Finnum ég áður auknefni var.
Elskenda milli póst ég bar.
Að loknu stríði á loft ég flýg.
Í laumi ég undir þakskegg smýg.

Svar við gátu í blaði 2551: GJÖRÐ.
1. lína: Söðulgjörð - 2. lína: Lofgjörð
3. lína: Dómsgjörð - 4. lína: Góðgjörð

Sunnlenski matgæðingurinn

Matgæðingur vikunnar er **Svava Björk Helgadóttir.**

Að sjálfsögðu tek ég áskoruninni Birna mín og þar sem alls kyns ferðalög fara nú í hönd ákvað ég að velja uppskriftir sem sniðugt er að taka með sér í nestisferðina. Um er að ræða alveg skelfilega gott hrökkkex sem er einnig hættulega hollt, glútenlaust, vegan og allt mögulegt. Það geymist mjög vel í lokuðu íláti og er frábært snakk. Til að bæta enn á alla hollustuna þá mæli ég með að skella í eins og eina skál af góðu salati sem passar vel með kexinu en einnig á ristað brauð.

Hollt og gott hrökkkex

- ½ dl sesamfræ
- ½ dl hörfræ
- ¼ dl graskersfræ
- ¾ dl sólblómafræ
- 2 dl maísmjöl (ekki það sama og maizenamjöl)
- ½ tsk. borðsalt
- ½ dl ólífuolía
- 2 ½ dl sjóðandi heitt vatn
- Maldon salt
- Þurrkaður graslaukur (má sleppa)

Setjið fræin, borðsaltið og maísmjölið í skál og hrærið saman með skeið (ég set fræin stundum í blandara og myl þau vel, þannig verður kexið ekki eins gróft). Hrærið olíuna saman við og að lokum sjóðandi vatninu. Setjið deigið (sem er mjög þunnfljótandi) á bökunarpappír og svo annan bökunarpappír ofan á. Byrjið á að nota lófana til að fletja það út á milli pappíra og notið svo kökukeflið til að fletja deigið út í ferning sem er allt að því jafnstór og bökunarpappírinn (þessi uppskrift fer nánast á eina bökunarplötu.)

Takið pappírinn ofan af og dragið deigið á bökunarpappírnum sem var undir, upp á bökunarplötuna. Það þarf að fara varlega svo deigið leki ekki til.

Saltið svo yfir allt með grófu Maldon-salti og stráið þurrkuðum graslauk yfir. Ekki vera nísk á hvorki salt né graslauk.

Skerið í deigið með pizzaskera og myndið þannig kexkökurnar og bakið í um 45 mínútur við 150°C.

Krassandi ostasalat

- 1 Mexico-ostur
- 1 piparostur
- 1 Camembert
- 12 döðlur
- 1 ds ananasmauk (má sleppa)
- 200 g Philadelphia rjómaostur
- 1 krukka pestó (mér finnst betra að nota grænt)

Byrja á því skemmtilega verkefni að brytja ostana og döðlurnar smátt og setja í skál. Hræra rjómaostinn og pestóið saman í annarri skál, láta safann leka vel af ananaskurlinu (ef notaður er ananas) og hræra svo öllu saman að lokum.

Ég skora á Garðar Guðmundsson í Hólmi í Austur-Landeyjum að gefa sér tíma til að vera matgæðingur næstu viku. Það er þannig veðurspá að trúlega verður ekki mikið um heyskap þannig að hann ætti að komast í að kíkja í sínar kokkabækur. Það er fátt sem hann vílar fyrir sér í þessum efnum og lumar eflaust á einhverju spennandi.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

82%
Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku*



DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

*samkvæmt Gallup-könnun okt. – nóv. 2018

Bíræfnir þjófar senda 10 lögreglumenn í sóttkví á Suðurlandi

Lögreglan á Selfossi missti tíu lögreglumenn í sóttkví vegna erlendra einstaklinga sem komu hingað til lands fyrir skömmu og áttu að vera í sóttkví. Í stað þess að fylgja reglum fóru einstaklingarnir með ránshendi, m.a. um verslanir á Selfossi, samkvæmt þeim upplýsingum sem blaðið hefur. Reglurnar voru (nú er tekið sýni) með þeim hætti að allir þeir sem komu til landsins áttu að vera í tveggja vikna sóttkví en þessir einstaklingar sem um ræðir sinntu því ekki. Þegar fólkið var handtekið og í ljós kom að það væri að brjóta reglurum sóttkví var ákveðið að taka sýni úr þeim. Það reyndist jákvætt og þar með fóru þeir sem að málinu komu í sóttkví.

Enn er verið að greiða úr því hve víðfeðmur þjófnaður mannanna var og verið er að fara yfir þýfi sem fannst í fórum þeirra. Alls eru 10 lögreglumenn, þar af 6 almennir, 4 rannsóknarlögreglumenn og einn túlkur í sóttkví hjá lögreglunni á Suðurlandi vegna málsins. Málið hefur undið upp á sig en annar hópur slíkra glæpamanna gaf sig fram við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu stuttu síðar.

Tónleikar

Útitónleikar á þaki Hótel Laka á Jónsmessunni
Concert up on the Roof of Hótel Laki.

Útitónleikar **Laugardagskvöldið 20 júní 2020 kl. 21:00 -22:30.** Markús Bjarnason, tónlistarmaður, verður með einlæga tónleika á þaki Hótel Laka þar sem er útsýni til tveggja jökla og sól allan sólarhringinn.

Aðgangseyrir er 1000 kr.
frítt fyrir 18 ára og yngri.

Styrktaraðili er Hótel Laki.

TÓNA-SERÍA Menningarmálanefndar Skaftárhrepps

HÓTEL LAKI

LUNDUR

Hjúkrunarheimilið Lundur á Hellu

SJÚKRAÞJÁLFARI ÓSKAST – AÐSTAÐA TIL LEIGU

Hjúkrunarheimilið Lundur á Hellu óskar eftir sjúkraþjálfara til að taka að sér skipulag og umsjón sjúkraþjálfunar á stofnuninni frá og með 1. september 2020 Um er að ræða 20% starfsfhlutfall eða verktakavinna allt eftir samkomulagi. Á Lundi búa að jafnaði 33 íbúar og góð aðstaða er til sjúkraþjálfunar með tækjum. Aðstaðan fæst einnig leigð út fyrir sjúkraþjálfara frá og með 1. september 2020.

Upplýsingar veitir Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir hjúkrunarforstjóri á Lundi og umsóknir og fyrirspurnir sendist á margret@hellu.is fyrir 1. ágúst nk.

Deildarstjóri og leikskólakennari óskast í leikskólann Álfaborg, Reykholti

Leikskólinn Álfaborg auglýsir eftir metnaðarfullum deildarstjóra og leikskólakennara til starfa.

Leikskólinn Álfaborg er þriggja deilda leikskóli sem starfar í anda Reggio Emilia og er staðsettur í Reykholti, Biskupstungum. Nýtt og skemmtilegt húsnæði leikskólans var tekið í notkun í október 2019. Í leikskólanum starfar metnaðarfullt starfsfólk og mikil áhersla er lögð á góðan starfsanda og vellíðan barna. Auk þess er mikil og góð samvinna á milli leikskólans og grunnskólans Bláskógaskóla í Reykholti.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og Félags leikskólakennara. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í byrjun ágúst 2020. Þegar hæfasti umsækjandi hefur verið valinn verður óskað eftir undirritaðri heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá viðkomandi.

Starfsvið:
- Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.
- Ber ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati starfsins deildarinnar
- Vinnur að uppeldi og menntun barna
- Foreldrasamstarf

Menntunar- og hæfnikröfur:
- Leikskólakennaramenntun
- Góð íslenskukunnátta
- Sjálfstæði frumkvæði og góð samskiptahæfni
- Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki í starfi
- Ánægja af því að starfa með börnum
- Reynsla er æskileg

Með umsókn um starfið skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil og afrit af leyfisbréfi, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnaraðila. Starfið hentar öllum kynjum. Nánari upplýsingar um starfið veitir Erla Jóhannsdóttir, leikskólastjóri í síma 480 3051. Umsóknir sendist á netfangið: alfaborg@blaskogabyggd.is

Umsóknarfrestur er til 1. júlí 2020.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Grímsnes- og Grafningshreppi og Skeiða-og Gnúpverjahreppi

Deiliskipulagsmál
Samkvæmt 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum auk breytingar á deiliskipulagi á grundvelli 1. mgr. 43. gr sömu laga:

Kringla 4 L227914 - Frístundabyggð – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti þann 3. júní 2020 að auglýsa deiliskipulag frístundasvæðis í landi Kringlu 4. Deiliskipulagið tekur til um 22,6 ha. svæðis og er innan hennar gert ráð fyrir 32 nýjum frístundahúsalóðum frá 5.000-8.753 m^2 að stærð. Aðkoma að svæðinu er um Sólheimaveg og inn Árveg. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 m.s.br. og hefur skilgreiningu sem frístundasvæði (F52b).

Selholt L205326 - Deiliskipulag
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti þann 3. júní 2020 að auglýsa deiliskipulag fyrir Selholt. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á byggingarreitum fyrir íbúðarhús, reiðhöll og hesthús og vélageymslu.

Flatir Réttarholt - Stækkun frístundasvæðis – Deiliskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 10. júní 2020 breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundasvæði F27 á Flötum í landi Réttarholts. Í breytingunni felst stækkun skipulagssvæðis og fjölgun lóða á svæðinu. Leiksvæði og boltavöllur eru felld út og í stað þess er bætt við opnu svæði og gönguleið á milli lóða 31 og 32. Lóð nr. 17 er tekin út fyrir deiliskipulagsmörk þar sem hún fellur ekki lengur undir frístundabyggð samkvæmt gildandi aðalskipulagi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni http://www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélagsins www.gogg.is og www.skeidgnup.is/.

Skipulagstillögur eru auglýstar með athugasemdafrest frá 18. júní til og með 30. júlí 2020. Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en 30. júlí 2020.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU.

Kjörskrá

vegna forsetakosninganna 27. júní 2020

Kjörskrá fyrir Sveitarfélagið Ölfus vegna forsetakosninganna 27. júní 2020 mun liggja frammi á bæjarskrifstofum Sveitarfélagsins Ölfuss að Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn frá og með 16. júní 2020 til kjördags á opnunartíma skrifstofunnar frá kl. 8:00-16:00 alla virka daga.

Sveitarfélagið Ölfus

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi fyrir forsetakosningar 27. júní 2020

Atkvæðagreiðsla á skrifstofum sýslumanns

Hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá embætti sýslumannsins á Suðurlandi á opnunartíma sýsluskrifstofa, kl. 9:00-15:00.

Síðustu viku fyrir kosningar verður opnunartími lengdur á skrifstofum embættisins sem hér segir:

- **Hafnarbraut 36, Höfn í Hornafirði**
  24.-25. júní kl. 9:00-16:00.
  26. júní kl. 9:00-18:00.
  Kjördagur 27. júní vaktsími 862 - 7095 opinn á milli 10:00-12:00.
- **Ránarbraut 1, Vík í Mýrdal**
  24. -26. júní kl. 9:00-16:00.
  Kjördagur 27. júní vaktsími 694 - 8833 opinn á milli 10:00-12:00.
- **Austurvegi 6, Hvolsvelli**
  24.-25. júní kl. 9:00-16:00.
  26. júní kl. 9:00-18:00.
  Kjördagur 27. júní kl. 10:00-12:00.
- **Hörðuvöllum 1, Selfossi**
  22. -24. júní kl. 9:00-16:00.
  25.-26. júní kl. 9:00-18:00.
  Kjördagur 27. júní kl. 10:00-12:00.

Kjósendur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki.

Ábyrgð á atkvæði

Vakin er athygli á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila og ber af því kostnað, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra utan sinnar kjördeildar sbr. 2. mgr. 65. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi

Þeir sem eiga ekki heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms eða fötlunar, skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi til embættisins, fyrir kl. 16:00, þriðjudaginn 23. júní nk.
Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá embættinu og á vefsíðunni www.kosning.is.

Kosning á sjúkrastofnunum

Sjá auglýsingu á www.kosning.is og www.syslumenn.is

Ýmsar upplýsingar og eyðublöð vegna komandi kosninga má fá á vefsíðunni www.kosning.is.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Potið í garðinum verður að skemmtivinnu með góða sögu í eyrunum

segir lestrarhesturinn Sigurlína Magnúsdóttir

Sigurlína Magnúsdóttir býr í Rjóðri í Holtum ásamt eiginmanni, nokkrum hestum og heimilishundi. Hún á tvö börn, fjögur barnabörn og er með meistaragráðu í ensku og málvísindum frá Edinborgarháskóla, kennsluréttindi og bókasafnsfræði frá HÍ. Sigurlína kenndi við Grunnskólann Hellu í 36 ár, aðallega ensku á unglingastigi og sá um bókasafnið þar, sem er bæði almennings- og skólabókasafn. Helstu áhugmál hennar fyrir utan bóklestur eru alls konar handavinna, ferðalög og útivist.

Sigurlína Magnúsdóttir

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er nýbúin með *Aðferðir til að lifa af* eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur sem mér fannst frábær, textinn fallegur og sagan svo áleitin að ég gat ekki hætt að lesa. Bókin var á óskalista mínum fyrir jólin en hún leyndist því miður ekki undir trénu. Hún fór hins vegar á listann í leshringnum mínum eftir jólin sem gladdi mig mjög og þegar ég sá hana á bókamarkaðnum í febrúar þá keypti ég hana því þetta er bók sem ég „varð“ að eiga. Síðan hef ég verið að lesa *Tímarit Máls og menningar* sem að þessu sinni er helgað barnabókmenntum. Þar er að finna nokkrar afar áhugaverðar greinar um barnabókmenntir og öll bókmenntagagnrýnin fjallar um nýjar barna- og unglingabækur. Þessi áhersla á barnabókmenntir gleður mig þar sem þeirri grein bókmennta er aldrei nógu mikið hampað.

Hvernig bækur höfða helst til þín?

Ég les mestmegnis skáldsögur af ýmsum toga. Ætli ég sé ekki einhvers konar draumóramanneskja sem vill hverfa inn í skáldaðan heim og ferðast þar í ótilgreindan tíma og hoppa svo inn í raunveruleikann þess á milli. Það fer aðeins eftir árstíðum og hvernig skapi ég er í hvernig bækur ég les. Á sumrin les ég gjarnan krimma og ljúfar skáldsögur, auglýstar sem „góð sumarlesning“. Þegar haustar fer ég að eltast við nýútkomnar bækur sem hljóma áhugaverðar. Ég les ekki eingöngu skáldsögur ætlaðar fullorðnum því ég hef mjög gaman af að lesa góðar barna- og unglingabækur og fantasíur fyrir ungmenni eins og sögur Hildar Knútsdóttur. Einnig les ég eitthvað af ljóðum mér til skemmtunar til að auðga andann. Ævisögur hafa hinsvegar aldrei átt upp á pallborðið hjá mér. Hef reynt en sjaldan náð að njóta fyrir utan gullmola eins og *Skáldið sem sólin kyssti* sem er ævisaga Guðmundar Böðvarssonar og uppvaxtarsöguna *Menntuð* eftir Töru Westover sem er mögnuð frásögn og ótrúleg.

Ertu alin upp við lestur?

Í æsku minni var þó nokkuð lesið í kringum mig, bæði heima og eins hjá ömmum og öfum. Einn móðurbróðir minn átti mikið og gott bókasafn sem ég skoðaði með stjörnur í augunum og þá ákvað ég að svona ætlaði ég að eiga þegar ég yrði stór. Ég var með bók í hönd frá því ég lærði að lesa, hvort sem ég var í bílnum á ferðalögum um hálendið með fjölskyldunni eða liggjandi í rúminu í kósíheitum. Ég átti auðvitað ekki nóg af bókum sjálf til að seðja lestrarhungrið svo ég varð að gera mér ferðir á Borgarbókasafnið í Þingholtunum. Þá bjó ég í Laugarneshverfinu svo þetta útheimti strætóferð og talsvert labb frá strætóstöðinni með þunga tösku af bókum og stundum yngri bróður í eftirdragi sem ekki var jafn áhugasamur um bækur og þótti þetta ekki skemmtiferðir, sérstaklega ekki hversu langan tíma ég notaði til að velja bækurnar. Ég las allt sem ég náði í og voru bækur Enid Blyton í miklu uppáhaldi, Baldintátu las ég mörgum sinnum en í sérstöku uppáhaldi voru bækurnar um Milly Molly Mandy sem ég eignaðist allar og las nánast upp til agna.

En hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Ég les alltaf á kvöldin þegar ég er komin upp í rúm, þannig næ ég að slaka á og kyrra hugann eftir amstur dagsins. Ef ég er að lesa mjög skemmtilega og spennandi bók laumast ég í hana við hvert tækifæri, annars hættir mér til að lesa langt fram á nótt sem ekki hefur góðar afleiðingar daginn eftir, en gerist samt mjög reglulega. Annars hlusta ég oft á sögu af Storytel að deginum til. Mér finnst ótrúlega notalegt að láta lesa fyrir mig þegar ég er að prjóna eða í verkum innanhúss eða utan, potið í garðinum verður nánast að skemmtivinnu með góða sögu í eyrunum.

Áttu þér einhvern uppáhaldshöfund?

Ég á mér ekki neinn einn uppáhaldshöfund en það eru nokkrir sem ég hef sérstaklega gaman af að lesa eins og Vilborg Davíðsdóttir með sínar snilldar sögulegu skáldsögur. Gyrðir Elíasson, Guðrún Eva Mínervudóttir, Auður Ava Ólafsdóttir eru öll snillingar í tungumáli og efnistökum sem og Hildur Knútsdóttir. Systkinin Sigrún og Þórarinn Eldjárn eru algjörir snillingar á sínu sviði, hún með dásamlegar barnabækur og frábærar myndlýsingar. Bækur Þórarins, bæði fyrir börn og fullorðna, eru í miklu uppáhaldi hjá mér. Þar sem ég les talsvert á ensku líka þá verð ég að nefna Doris Lessing og þá alveg sérstaklega Dagbók góðrar grannkonu.

En að lokum, hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir skáld?

Væri ég þeim hæfileikum gædd að geta skrifað fyrir aðra myndi ég skrifa barnabækur í þeirri von að barnabörnin hefðu gaman af þeim.

Hverjir eru á myndinni?

Við Páll Halldórsson flugstjóri erum að rita sögu landgræðsluflugs á Íslandi með minni flugvélum á árunum 1958 til 1992. Við höfum safnað um 200 ljósmyndum tengdu þessu merka starfi og höfum náð að nefna flesta þá sem eru á myndunum. En ekki alveg og hér er mynd sem okkur leikur mikil forvitni á að vita hverjir séu á henni. Páll Halldórsson er lengst til hægri, en hinir tveir voru starfsmenn Landgræðslunnar.

Í Skjólkvíagosinu um vorið 1970 við rætur Heklu féll allmikil aska á Auðkúluheiði og á jarðir í A-Húnavatnssýslu. Landgræðsluflugvélin TF-TUN dreifði í júlí sama ár 44 tonnum af áburði á heiðina til að styrkja gróður og annað eins magn á heimalönd bænda í sýslunni. Hleðslumennirnir og Páll gistu í tjaldi við Ullarkvísl þar sem var lendingarstaður. Sennilega var þetta einsdæmi að þeir gistu í tjaldi í landgræðslufluginu, en einstaka sinnum kom fyrir að þeir gistu í heyhlöðum eða í skjóli við heysátur eða í bílum. Ef þið berið kennsl á mennina sendið undirrituðum endilega línu á netfangið sveinnrun@gmail.com eða hringið í síma 893 0830. Eins ef þið eigið myndir sem tengjast þessu landgræðsluflugi þá væri okkur mikill akkur í að fá þær lánaðar.

Sveinn Runólfsson,
fyrrverandi landgræðslustjóri.

Kjörfundur í Hveragerði

Kjörfundur vegna forsetakosninga laugardaginn 27. júní 2020 hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00 þann dag í **Grunnskólanum** í Hveragerði við Skólamörk.
Gengið er inn um aðalinngang, vestanmegin.

Sérstök athygli skal vakin á eftirfarandi:
Kjósandi, sem ekki hefur meðferðis persónuskilríki, getur átt von á því að fá ekki að greiða atkvæði.

Þá er ekki heimilt að vera með áróður á eða við kjörstað meðan á kjörfundi stendur svo sem barmmerki og/eða merkingar á bifreiðum.

Frá kl 13:00 til kl 17:00 verða tvær kjördeildir opnar.
Í kjördeild 1 kjósi þeir sem hafa heimilisfang frá A-J og í kjördeild 2 kjósi þeir sem hafa heimilisfang frá K-Ö.

Hveragerði maí 2020
Kjörstjórnin í Hveragerði.

Auglýsing um kjörskrá vegna forsetakosninga

Kjörskrá fyrir Hveragerði vegna forsetakosninga sem fram eiga að fara 27. júní 2020 liggur frammi á skrifstofu Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20 frá og með 16. júní 2020 til kjördags.

Skrifstofan er opin milli kl. 10:00-15:00 alla virka daga.

F.h. bæjarstjórnar Hveragerðis,
Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri

Kjörfundur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Kjörfundur vegna forsetakosninga fer fram laugardaginn 27. júní 2020.
Kosið verður í Félagsheimilinu Árnesi.
Kjörfundur hefst kl. 10.00 og lýkur kl. 20.00.
Kjósendur eru minntir á að hafa meðferðis persónuskilríki með mynd og framvísa ef óskað er.

Kjörstjórn, Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Framlagning kjörskrár
vegna kjörs forseta Íslands

Sbr. 1. gr. laga nr. 36/1945 um framboð og kjör forseta Íslands auglýsir sveitarstjórn Flóahrepps að kjörskrá vegna kjörs forseta Íslands þann 27. júni 2020 liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg frá 16. júní til kjördags alla virka daga frá kl. 9:00-13:00.

Sveitarstjóri Flóahrepps

Kjörfundur í Flóahreppi

Kjörfundur vegna kjörs forseta Íslands sem fram fer 27. júní 2020 verður haldinn í Félagslundi frá kl. 10:00-22:00.
Kjósendur eru minntir á að taka með sér persónuskilríki.

Kjörstjórn Flóahrepps

Framlagning kjörskrár
vegna forsetakosnninga 27. júní 2020.

Kjörskrá vegna forsetakosninga þann 27. júní 2020 liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í stjórnsýsluhúsinu á Borg frá og með 16. júní 2020 til kjördags. Skrifstofan er opin mánudaga til föstudaga frá kl 9:00 - 15:00

Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps

Kjörfundur

Kjörfundur vegna forsetakosningar fer fram laugardaginn 27. júní 2020.
Kosið verður í stjórnsýsluhúsinu á Borg í fundarsal sveitarstjórnar á 2. hæð.
kjósendur eru minntir á að hafa meðferðis persónuskilríki með mynd og framvísa þeim ef óskað er.

Kjörstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps

Kjörfundur
vegna forsetakosninga

Kjörstaðir í Bláskógabyggð eru tveir:
1. Félagsheimilinu Aratungu, Reykholti, fyrir íbúa í Biskupstungum.
2. Bláskógaskóla Laugarvatni, Lindarbraut 6, fyrir íbúa í Laugardal og Þingvallasveit.

Kjörfundur hefst í báðum kjördeildum laugardaginn 27. júní nk. kl. 10:00 og lýkur kl. 22:00.

Kjósendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki með mynd. Einstaklingar búsettir erlendis, sem hafa kosningarétt í Bláskógabyggð, eru á kjörskrá í kjördeild I, Reykholti.

Kjörskrá fyrir Bláskógabyggð liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í Aratungu frá 16. júní til kjördags á opnunartíma frá kl. 8:30 til 16, föstudaga frá kl. 8:30 til 12:30.

Bent er á upplýsingavef http://www.kosning.is en þar er að finna hagnýtar upplýsingar um framkvæmd kosninganna. Þar geta kjósendur einnig kannað hvar þeir eru á kjörskrá á vefslóðinni https://www.skra.is/thjonusta/einstaklingar/kjorskra-og-kosningarettur/.

Yfirkjörstjórn Bláskógabyggðar

íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Tveir erlendir leikmenn í Selfoss

HANDBOLTI Handknattleiksdeildin hefur samið við tvær erlendar stelpur, þær Ivana Raičković og Lara Zidek, sem báðar koma frá Førde IL í Noregi. Ivana er 19 ára gömul frá Svartfjallalandi og er efnilegur línumaður sem hefur verið viðloðandi U-21 landslið Svartfellinga. Lara er 23 ára gömul skytta frá Króatíu en hún getur leyst allar stöðurnar fyrir utan.

Handknattleiksdeildin er gríðarlega ánægð að hafa náð þessum tveimur sterku leikmönnum. Það er ljóst að þær Ivana og Lara munu styrkja meistaraflokk kvenna næstkomandi tímabil, en liðið var aðeins hársbreidd frá því að komast upp í Olís-deildina á síðastliðnu tímabili. *-esó*

Ivana (t.v.) og Lara. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Útskriftarhópurinn ásamt þjálfurunum Erni Þrastarsyni og Rúnari Hjálmarssyni. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Lokahóf handknattleiksakademíunnar

HANDBOLTI Sameiginlegt lokahóf handknattleiksakademíu og 3. flokks Selfoss fór fram í byrjun júní. Að vanda var þetta skemmtileg samkoma, gott veður og góður matur. Verðlaun voru veitt og 17 nemendur útskrifaðir úr handknattleiksakademíunni og er það mesti fjöldi sem hefur útskrifast í einu frá stofnun hennar. Allar upplýsingar um verðlaunahafa má finna á vefsíðu Umf. Selfoss www.selfoss.net.

Við óskum þessu unga og efnilega fólki að sjálfsögðu til hamingju með sín verðlaun.*-esó*

Selfoss laut í gras í Árbænum

KNATTSPYRNA Það var einungis eitt mark skorað í fyrsta leik Selfyssinga í Pepsi Max deildinni á tímabilinu. Því miður fyrir okkur féll það í skaut heimakvenna í Fylki þrátt fyrir töluverða yfirburði okkar stelpna í leiknum, góð marktækifæri og vítaspyrnu sem fór í súginn.

Næsti leikur er á heimavelli 18. júní, og hefst hann kl. 19:15.

Aron Darri tryggði sigurinn

KNATTSPYRNA Selfyssingar eru komnir í 32-liða úrslit Mjólkurbikarkeppni karla eftir nauman sigur á Hvíta riddaranum.

Það var varamaðurinn Aron Darri Auðunsson sem skaut Selfyssingum áfram með eina marki leiksins á 85. mínútu.

Selfyssingar sækja úrvalsdeildarlið Fjölnis heim í næstu umferð og fer leikurinn fram í Grafarvogi miðvikudaginn 24. júní.

Bikarmeistarar Selfoss drógust gegn Stjörnunni á útivelli í 16-liða úrslitum Mjólkurbikars kvenna. Leikurinn fer fram á Samsungvellinum í Garðabæ 1. júlí.

Aron Darri skoraði glæsilegt mark. Ljósmynd: Umf. Selfoss

HANDBOLTI Piltarnir á eldra ári í 6. flokki, fæddir árið 2008, sigruðu í 2. deild á sumarmóti HSÍ sem haldið var í Framheimilinu helgina 6.-7. júní. Frábær frammistaða hjá þessum öflugu handboltaköppum. -eg
Ljósmynd: Umf. Selfoss/

Lokahóf handknattleiksdeildar

HANDBOLTI Lokahóf handknattleiksdeildar Selfoss verður haldið laugardaginn 20. júní nk. á Hótel Selfossi þar sem þessu óvenjulega tímabili verður slúttað.

Boðið verður upp á tvírétta hlaðborð. Verðlaun og viðurkenningar verða veitt fyrir tímabilið ásamt því að boðið verður upp á happdrætti, uppboð og skemmtiatriði eins og venjan er. Veislustjóri kvöldsins er enginn annar en Mið-Íslendingurinn Jóhann Alfreð. Lokahófið er öllum opið og við hvetjum alla Selfyssinga til að fjölmenna á lokahófið og fagna með okkur.

Miðasala er í verslun Baldvins & Þorvaldar og í vefverslun Umf. Selfoss sem finna má á vef Umf. Selfoss, www.selfoss.net.

Góð þátttaka í Sjóvá Kvennahlaupi ÍSÍ

UMF. SELFOSS Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ fór fram á nærri 70 stöðum á landinu á laugardag og var þetta í 31. skipti sem hlaupið fór fram. Hlaupið var frá Byko á Selfossi og voru það stelpurnar í 2. flokki í knattspyrnu hjá Selfossi sem skipulögðu hlaupið að þessu sinni og gerðu það með glæsibrag. Fjöldi kvenna tók þátt í hlaupinu á Selfossi og skemmtu sér vel.

Stelpurnar í 2. flokki stýrðu upphitun fyrir hlaupið. Ljósmynd: UMFS

Frá setningu Unglingalandsmótsins í fyrra

Unglingalandsmótið verður haldið á Selfossi í sumar

„Við erum afar ánægð að geta haldið Unglingalandsmót UMFÍ um verslunarmannahelgina innan þess ramma sem sóttvarnalæknir og heilbrigðisyfirvöld setja okkur. Farið verður eftir öllum tilmælum yfirvalda um sóttvarnir og gætt að ítrustu vörnum. Fyrir öllu er að yngri kynslóðin getur skemmt sér á heilbrigðan hátt í íþróttum og afþreyingu með foreldrum sínum og vinum á Selfossi um verslunarmannahelgina," segir Þórir Haraldsson, formaður framkvæmdanefndar Unglingalandsmótsins á Selfossi.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá UMFÍ. Mótið fer fram 31. júlí til 2. ágúst. Það hefur verið haldið frá árinu 1992 og hefur sannað gildi sitt sem glæsileg vímuefnalaus fjölskyldu- og íþróttahátíð þar sem saman kemur fjöldi barna og ungmenna með fjölskyldum sínum.

Þórir segir dagskrá og skipulag mótsins hafa legið fyrir þegar kórónufaraldurinn skall á heimsbyggðinni en þá var allt sett á ís. Nú þegar liggi fyrir að UMFÍ geti haldið mótið með Héraðssambandinu Skarphéðni og Sveitarfélaginu Árborg sé allt sett í gang á ný. Gætt verður að hreinlæti á öllu mótssvæðinu, upplýsingar um COVID hafðar aðgengilegar og mótsgestir minntir á þær. Þá verður tjaldsvæði mótsgesta skipulagt með þeim hætti að reglum verði fylgt.

Mótið er fyrir 11-18 ára börn og ungmenni sem reyna fyrir sér í fjölmörgum íþróttagreinum. Að þessu sinni verður boðið upp á 22 greinar á Unglingalandsmótinu á Selfossi frá morgni til kvölds. Öll kvöldin verða tónleikar í samkomutjaldi á svæðinu.

HSK-metin féllu á Vormóti HSK

Dagur Fannar.

92 keppendur voru skráðir til leiks á Vormót HSK í frjálsum sem haldið var á Selfossi 9. júní sl.

Dagur Fannar Einarsson úr Umf. Selfoss bætti 32 ára gamalt HSK-met í 300 metra hlaupi í flokkum 18-19 ára og 20-22 ára á mótinu. Hann hljóp á 36,06 sek. og bætti 32 ára gamalt met Friðriks Larsen.

Sindri Freyr Seim Sigurðsson úr Heklu bætti eigið HSK-met í 300 m hlaupi í flokki 16-17 ára, hljóp á 37,37 sek. og bætti sig um rúmlega 1,1 sekúndu.

Kepppendur af sambandssvæði HSK unnu til fjölda verðlauna á mótinu. Eva María Baldursdóttir Selfossi vann hástökk kvenna, stökk 1,70 m. Sebastian Þór Bjarnason Selfossi sigraði í kringlukasti pilta 16-17 ára með kast upp á 50,46 m og Hjalti Snær Helgason, Selfoss vann spjótkast í sama aldursflokki með 49,80 m kasti. Guðný Vala Björgvinsdóttir, Umf. Hrunamanna, sigraði síðan í spjótkasti stúlkna 16-17 ára, kastaði 33,77 m.

70 keppendur í Bláskógaskokki

Hið árlega Bláskógaskokk HSK var haldið sl. laugardag og tóku 70 hlauparar þátt í hlaupinu. Líkt og í fyrra sá tímataka.is um tímatökuna og nú með nýrri tækni þar sem svokölluð flaga var í keppnisnúmerinu. Það reyndist vel, nema þeim sem fór úr jakkanum með númerinu í miðju hlaupi! Keppendur gátu valið um tvær vegalengdir, 10 eða 5 mílur. Lengri vegalengdin var frá Gjábakka að Laugarvatni og sú styttri frá Laugardalsvöllum að Laugarvatni. Fyrstu keppendur í karla- og kvennaflokki fengu sérverðlaun sem voru í boði Hótels Arkar í Hveragerði.

Níu HSK-met voru sett í hlaupinu. Guðný Hrund Rúnarsdóttir bætti HSK-metið í kvennaflokki í 5 mílum og í flokki 40-44 ára. Sigursveinn Sigurðsson sem kom fyrstur í mark í 5 mílum setti HSK-met í karlaflokki og í flokki 40-44 ára. Renuka Chareyre Perera setti HSK-met í flokki 45-49 ára og Eydís Katla Guðmundsdóttir var með met í 55-59 ára flokki.

Þrjú HSK-met voru sett í 10 mílna hlaupinu. Hjónin Sigmundur Stefánsson og Ingileif Auðunsdóttir settu met í 65-69 ára flokki og Björn Magnússon setti met í 70-74 ára flokki.

Að loknu hlaupi bauð sundlaugin á Laugarvatni öllum í sund og MS gaf drykki.

HSK þakkar samstarfsaðilum, styrktaraðilum og sjálfboðaliðum fyrir þeirra framlag.

Heildarúrslit má sjá á www.hlaup.is.

Fimmtudaginn kl 19:15
JÁVERK-völlurinn
Pepsi MAX DEILDIN 2020
UMF SELFOSS 1936
BREIÐABLIK

Boggugarðar
• Trjá- og hekkklippingar
• Beðahreinsanir
• Garðaráðgjöf
Erum á Facebook
Sólborg Ósk Kragh
GARÐYRKJUFRÆÐINGUR
Sími 895 2766
solborgosk@gmail.com

Eiginmaður minn,
Eggert Vigfússon
Fyrrverandi slökkviliðsstjóri
Brunavarna Árnessýslu
Austurvegi 39,
Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 2. júní sl. Útförin hefur farið fram.
Þökkum auðsýnda samúð.

Hulda Vilhjálmsdóttir
Guðrún, Helgi, Vilhjálmur og fjölskyldur

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi - Sími 482 1361 - gunni@icecool.is
Nú er tími til kominn að koma með ferðavagnana

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

ÝMISLEGT

Ertu spænskumælandi?
Viltu vinna þér inn 20.000 kr. fyrir 5 mín. samtal við Spán? Fyrst 1 klukkustundar fyrirlestur. Uppl um málið í síma 483 3568.

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
HEKLA
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

JÁRN & HÓFAR
Járningaþjónusta Caroline 8942457
Get bæt við mig járningum. Útskrifuð úr járninganámi í Svíþjóð.
Hef mikla reynslu af járningum og þar á meðal keppnis- og kynbóta-hrossa.
Sími 894 2457

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
S. 482 1944 - dfs@dfs.is

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Íbúð óskast
Feðgin, framhaldsskólakennari og dóttir sem er að fara í FSu óska eftir 2-4 herbergja íbúð frá 1. ágúst í a.m.k. eitt ár. Selfoss, Hveragerði, Stokkseyri eða Eyrarbakki. Öruggar greiðslur og reglusemi. Uppl. í síma 699 3150 (Jakob) eða á netfanginu jakob@fsn.is.

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messa sunnudaginn 21. júní kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Ester Ólafsdóttir og prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Hveragerðiskirkja
Göngumessa kl. 17. Lagt af stað frá Hveragerðiskirkju kl. 17 og gengið að listaverkinu *Þetta líður hjá*. Stoppað á 2-3 stöðum á leiðinni til íhugunar og bænar og er gangan um klukkustundarlöng. Boðið upp á kaffisopa í lok stundarinnar og akstur aftur að kirkjunni fyrir þau sem vilja. Kirkjukórinn leiðir söng. Prestur sr. Ninna Sif Svavarsdóttir.

Skarðskirkja
Sumar- og fjölskylduguðsþjónusta sd. 21. júní kl. 14.00. Sálmar sungnir sem hæfa árstímanum með þátttöku yngri kynslóðarinnar. Kirkjukaffi að athöfn lokinni. Verið öll velkomin.

Kálfholtskirkja
Sumarguðsþjónusta sunnudagskvöldið 21. júní kl. 20.30. Kórinn syngur lög og sálma sem hæfa árstímanum og gefa stundinni helgan og léttan blæ. Kirkjukaffi á stéttinni eftir athöfn. Verið öll velkomin.

Skáholtsdómkirkja
Messa sunnudag kl. 11.00. Sr. Egill Hallgrímsson sóknarprestur annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

Torfastaðakirkja
Fermingarmessa sunnudag kl. 14.00. Sr. Egill Hallgrímsson sóknarprestur annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

HEILSA

Nudd – Svæðanudd
Dáleiðsla
Augnlestur og heilsuráðgjöf
Einföld en áhrifarík ráð við ýmsum heilsuvandamálum
Alla fimmtudaga í Heilsulindinni Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.
Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

NLP Meðferðardáleiðsla og tilfinningavinna
Tryggðu þér einkatíma í handleiðslu.
Er á Selfossi og Laugarvatni.
Sími 862 4809
Vertu velkomin/n

Katrín Erla Kjartansdóttir
MP NLP Ráðgjafi/Coach
Facebook; NLP Meðferðardáleiðsla

Myndasyrpa frá opnun sýningarinnar Tíðarandi í LÁ

Í Listasafni Árnesinga var opnuð sýningin *Tíðarandi* á laugardag. Verkin á sýningunni eru samtímaverk úr einkasafni Sunnlendingsins Skúla Gunnlaugssonar, hjartalæknis og listaverkasafnara. Verkin eiga það sameiginlegt að vera unnin á síðastliðnum áratug. Í máli Skúla kom meðal annars fram að sýningin væri ekki fortíðin og hún væri ekki framtíðin heldur væri hún núið. Meðal þeirra listamanna sem finna má á sýningunni eru Ragnar Kjartansson, Egill Sæbjörnsson og fleiri. Þess má líka geta að sýningin er sú fyrsta sem nýr safnstjóri Listasafns Árnesinga, Kristín Scheving kemur að. Safnið hefur nú opnað dyr sínar eftir að hafa verið lokað vegna Covid-19, en opið er á hefðbundnum opnunartíma frá kl. 12-18 alla daga. Sýningin er fram í september og óhætt að hvetja fólk til að skoða hana. *-gpp*

Fagháskólanám fyrir starfsfólk á sunnlenskum leikskólum

Háskólafélag Suðurlands/HfSu, Háskóli Íslands og sveitarfélög á Suðurlandi hafa átt í samstarfi um skipulagningu fagháskólanáms í leikskólafræðum fyrir starfsfólk leikskóla. Árið 2018 fór af stað hópur 10 nemenda í tilraunaverkefni sem fékk nafnið „Fagháskólanám í hagnýtum leikskólafræðum“. Sá hópur kláraði námið núna í vor og var ákveðið að kanna hvort áhugi væri hjá nýjum hópi að hefja nám á hausti komanda. Námið hefur að sjálfsögðu þróast og mótast yfir þessi tvö ár og meðal þess sem hefur breyst er að kúrs um leikskólafræði kemur fyrr inn í námið og utanumhaldið verður eflt. Námið er enn sem áður hagnýtt 60 ECTS starfstengt nám á háskólastigi.

Námið er hugsað sem fjarnám og verða staðlotur alla jafna haldnar á Suðurlandi. Kennslufræðileg nálgun byggir á virkri þátttöku nemenda, sköpun lærdómssamfélags, og sterkum tengslum fræða og fagvettvangs. Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og felast m.a. í vendinámi, einstaklings- og hópavinnu, vettvangsferðum og valdeflingu hvers nemanda.

Háskóli Íslands stóð fyrir rafrænum kynningarfundi á dögunum þar sem fyrirkomulagið var kynnt og spurningum áhugasamra starfsmanna var svarað og í kjölfarið var ákveðið að opna fyrir skráningu. Eins og áður sagði er stefnt að því að hefja námið í haust náist saman tilskilinn hópur.

Áhugaverð listasmiðja við ströndina fyrir börn í Árborg

Alda Rose myndlistarkona og listgreinakennari býður nú aftur uppá myndlistar námskeiðið Listasmiðja við Ströndina fyrir börn í Árborg. Smiðjan fer fram á efri hæð Gimli á Stokkseyri. Námskeiðin eru tvö, fyrir sitt hvorn aldurshópinn. Yngri hópurinn fer m.a. í vettfangsferðir í sveit og fjöru í leit að efniviði og innblæstri, auk þess að teikna og mála útivið svo eitthvað sé nefnt. Einnig fá þau að prófa ýmsar grafíkaðferðir. Á seinna námskeiðinu sem er fyrir 13-16 ára er áherslan lögð á grafík og silkiþrykk. Þátttakendur fá tækifæri til að teikna og hanna myndir til að þrykkja á fatnað og plaköt og kynnast mismunandi grafíkaðferðum.

Alda Rose hefur komið að mörgum verkefnum og smiðjum í gegnum tíðina sem má nefna t.d. viðburðum fyrir menningarnótt Reykjavíkurborgar hjá Íslenskri grafík, smiðjum og sýningum barna og unglinga í tengslum við Barnamenningarhátíð, og margt fleira.

Listasmiðjan er haldin á milli kl: 9:00-13:00 frá 29. júní-3. júlí (7-12 ára) og 20.-24. júlí (13-16 ára) á BrimRót, efri hæð Gimli á Stokkseyri. Allur efniskostnaður er innifalinn. Fyrirspurnir og skráning sendist á listastrondin@gmail.com.

Landslag, fólk og fuglar

Jón Ingi Sigurmundsson opnar málverkasýningu í samkomuhúsinu Stað á Eyrarbakka laugardaginn 20. júní kl. 14:00. Landslagsmyndir eru í meirihluta en fólki, fuglum og blómum bregður fyrir.

Sýningin verður opin um helgar, til 12. júlí en lokað verður kosningahelgina 25.-29. júní. Auk þess verður að öllum líkindum opið virka daga, þegar upplýsingamiðstöðin er opin.

Auk kennslu og tónlistarstarfa hefur Jón Ingi lengi fengist við myndlist og haldið fjölda einkasýninga, flestar á Suðurlandi en einnig á Norðurlandi og í Danmörku. Jón Ingi hefur sótt ótal námskeið í myndlist hér á landi og að auki hjá Ulrik Hoff í Kaupmannahöfn og hjá bresku vatnslitamálurunum Ron Ranson og Keith Hornblower.

Jón Ingi hlaut menningarverðlaun Árborgar 2011. Fjöldi mynda Jóns Inga eru í eigu einkaaðila, auk ýmissa fyrirtækja og stofnana m.a. Listasafns Árnesinga og Landsbankans.

Þrjátíu og níu nýstúdentar brautskráðir frá Menntaskólanum að Laugarvatni

Þrjátíu og níu nýstúdentar brautskráðust frá Menntaskólanum að Laugarvatni nýliðinn laugardag, 6. júní sl. Í samræmi við fjöldatakmarkanir á þeim tíma voru 200 manns á útskriftinni, nýstúdentar og fjölskyldur þeirra, starfsmenn skólans sem og nokkrir aðrir sem komu að hátíðardagskránni svo og einnig tæknimenn frá Sonik þar sem athöfninni var streymt.

Bestum heildarárangri nýstúdenta náði Helga Margrét Óskarsdóttir frá Hruna í Hrunamannahreppi en hún var með aðaleinkunnina 9,52 sem er vegið meðaltal allra áfanga sem hún tók við skólann á þriggja ára námsferli sínum. Er það níundi besti árangur nýstúdents á stúdentsprófi í sögu skólans. Semi dux nýstúdenta var Anna Björg Sigfúsdóttir frá Borgarfelli í Vestur-Skaftafellssýslu með aðaleinkunnina 9,37. Hlutu þær sem og fjöldi annarra nýstúdenta viðurkenningar kennara og fagstjóra skólans fyrir afburða árangur í hinum ýmsu greinum. Nýstúdentar sem setið höfðu í stjórn nemendafélagsins Mímis hlutu og viðurkenningu fyrir störf sín. Eins hlutu Þorfinnur Freyr Þórarinsson fráfarandi stallari sérstaka stallaraviðurkenningu og Helga Margrét Óskarsdóttir fráfarandi varastallari sérstaka viðurkenningu fyrir óeigingjörn störf í þágu skólans og nemendafélagsins.

Í ræðu fulltrúa nýstúdenta, Þorfinns Freys, kom m.a. fram: „Þó að okkur líði eins og við séum nýbyrjuð í skólanum, þá höfum við margt lært á þessum stutta tíma. Við höfum þó ekki bara lært allt sem kennararnir hafa sagt okkur eða það sem stendur í bókunum heldur höfum við líka lært margt annað sem á eftir að nýtast okkur í lífinu. Við höfum lært hvernig á að haga sér í litlu samfélagi, vera sjálfstæð og taka ábyrgð á hlutunum og svo margt annað.“

Jóna Katrín Hilmarsdóttir áfangastjóri og staðgengill skólameistara flutti annál skólaársins. Nústúdentar færðu henni hálsmen sem þakklætisvott, en hún var umsjónarkennari þeirra öll skólaárin þrjú.

Fulltrúi afmælisárganga, Karen Kjartansdóttir tuttugu ár júbilant, flutti ræðu fyrir þeirra hönd og talaði m.a. til nýstúdentanna um það hvað það er sem skiptir máli í lífinu, um þau gildi sem hafa ber í huga.

Þeir nýstúdentar sem eru í kór ML, eða 21 af 39, sungu tvö lög undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur kórstjóra skólans en í Kór ML voru nýliðinn vetur rétt tæplega 100 nemendur eða um þrír fjórðu nemenda skólans. Það má teljast einstakt.

Skólameistari ávarpaði nýstúdenta í lok hátíðardagskrár og sagði meðal annars: „Ræktið vináttu ykkar, hún er til lífsstíðar. Það er lífsstíll að vera MLingur. Leitist við að hittast sem oftast í þeirri veröld sem er utan holtsins okkar, en því er ekki að neita að á stundum leitar að manni sú hugsun að ekkert sé utan dalsins fagra. Hér er ólýsanlega fögur veröld í alheimi, í eiginlegri sem huglægri merkingu. Hér er lífið!“

Veitt var úr styrktarsjóði Kristins Kristmundssonar og Rannveigar Pálsdóttur, fyrrverandi skólameistarahjóna, að Rannveigu (Bubbu) viðstaddri, hið þrettánda sinni þeim „nýstúdentum sem sýnt hafa frábæran dugnað, hæfileika og ástundun í námi“ eins og stendur í stofnskrá að skuli gera. Styrki hlutu:

- Helga Margrét Óskarsdóttir frá Hruna í Hrunamannahreppi, nýstúdent af náttúruvísindabraut
- Anna Björg Sigfúsdóttir frá Borgarfelli í Vestur-Skaftafellssýslu, nýstúdent af náttúruvísindabraut
- Guðrún Karen Valdimarsdóttir frá Mosfellsbæ, nýstúdent af náttúruvísindabraut
- Laufey Helga Ragnheiðardóttir frá Langholtskoti í Hrunamannahreppi, nýstúdent af náttúruvísindabraut

Dux scholae veturinn 2019-2020 er Guðný Salvör Hannesdóttir (Gísella) frá Arnkötlustöðum í Rangárþingi ytra með einkunnina 9,7 sem er vegið meðaltal áfanga vetrarins með einum aukastaf. Semi dux scholae nýliðins vetrar er Helga Margrét Óskarsdóttir með einkunnina 9,6.

Á útskriftinni var Fanneyju Gestsdóttur frá Hjálmsstöðum í Laugardal þökkuð vel unnin störf, en í ríflega áratug hefur hún starfað sem þvottatæknir í skólanum. Hún lætur af störfum fyrir aldurssakir.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2552 Miðvikudagur 17. júní 2020

Hjálmlaus með farþega, fleiri en einn, á fullri ferð!

Umtalsverð fjölgun er á léttum bifhjólum í flokki 1 sem flestir þekkja sem léttar rafvespur sem ekki komast hraðar en 25 km/klst. Það er ágætis áminning um búnaðinn og þyngd hans að kalla hann bifhjól. Í umferðarlögum gilda ákveðnar reglur sem þarf að fara eftir og foreldrar ættu að kynna sér, sem og þeir sem hafa slík hjól til umráða sem ökumenn. Mikið hefur borið á því að undanförnu að börn séu hjálmlaus, mögulega með farþega, jafnvel fleiri en einn, á fullri ferð. Það hefur valdið því að margir í hópi bifhjólamanna og aðrir í samfélaginu hafa af því áhyggjur hvað gerist verði slys.

Hvaða reglur eru í gildi?

Ekki þarf nein sérstök réttindi á hjól af þessu tagi. Aldurstakmarkið er þannig að ökumaður verður að vera orðinn fullra 13 ára. Hjólunum má aka á gangstétt, hjólastíg eða gangstétt svo fremi sem það valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir gangandi vegfarendur eða lagt hafi verið bann við því. Þá er mælt með því að tækin séu ekki notuð í almennri umferð þar sem hraði er 50 km/klst. eða meiri. Tækið má ekki fara hraðar en 25 km/klst. Hvað farþega varðar verður ökumaður að vera orðinn 20 ára til að mega hafa farþega og aðeins sé hjólið gert fyrir farþega og það staðfest af framleiðanda. Þá verða börn 7 ára og yngri að vera í sérstöku sæti sem ætlað er fyrir farþegaflutning á bifhjóli. Þá er skylt að vera með hjálm á hjólinu og nota lágmarks viðurkenndan hlífðarfatnað sem er ætlaður til bifhjólaaksturs. Nánar má lesa um reglurnar á heimasíðu Samgöngustofu.

Það er ekki barnaleikur að detta af hjóli

Blaðið leitaði á náðir fyrrum formanns Bifhjólaklúbbsins Postula um hvað honum þætti um hjól af þessu tagi sem að framan er getið. „Hjólin eru auðvitað velkomin í flóru bifhjóla og við fögnum hverjum þeim sem kýs sér slíkan fararskjóta. Að því sögðu leggur þetta þær byrðar á herðar ökumenn hjólanna að hugsa um öryggismálin fyrst og síðast. Hjálmur númer eitt, við eigum nefnilega bara einn heila. Í öðru lagi hlífðarfatnaður. Það vita þeir sem dottið hafa á bifhjólum, og ekki einu sinni á mikilli ferð, að það skiptir sköpum. Hrufl, ör og ljót sár og eitthvað þaðan af verra getur komið uppá þó ferðin sé lítil. Það er ekki barnaleikur að detta af hjóli," segir Steinþór Jónas Einarsson, í samtali við Dagskrána. Þess má geta að Steinþór hefur á eigin skinni fundið hvað það er að lenda í mótorhjólaslysi og eiga í því í langan tíma. Hvað með að reiða farþega? „Við getum talað um þetta út frá stóru hjólunum, en það gildir jafnframt um þau minni líka og er enn meira áberandi á þeim. Að hafa farþega breytir aksturseiginleikum allra mótorhjóla umtalsvert. Og ég legg áherslu á umtalsvert! Bremsuvegalengdir, beygjugeta og fleira breytist mikið. Takið það trúanlegt frá reynslumiklum mönnum að farþegi sem ekki kann almennilega að sitja mótorhjól getur sett sjálfan sig og ökumann í mikla hættu. Ef hann færir sig á hjólinu, reisir sig við í beygju þá breytir það snögglega stefnu hjólsins. Jafnvel svo að það sé illviðráðanlegt. Hvað ef slíkt kemur fyrir uppi á gangstétt, með farþega og gangandi vegfarendur í kring á 25 km/klst? Það er heilmikill hraði og margt getur farið úrskeiðis. Það er ekki að ástæðulausu að þetta er bannað, það er einfalt að segja það og ætti að vera farið eftir því," segir Steinþór.

Lögreglan fylgist með og hnippir í ökumenn

Í samtali við Lögregluna á Suðurlandi um málið kemur fram að Lögreglan fylgist með þessu og hnippir í krakka sem ekki eru með búnað eða hjálma á hreinu og fara ekki að settum reglum. Þá sé sérstaklega mikilvægt að stoppa það af að fjölmenna á hjólunum. Það auki slysahættuna umtalsvert. Þá biðlar lögregla til foreldra að fara yfir málin með börnunum og hafa hlíðarfatnað til reiðu svo koma megi í veg fyrir alvarleg slys á fólki. *-gpp*

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Josera
Gæludýrafóður
Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

HREINGERNINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi
fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

DFS.IS
Auglýsingapantanir
Sími 482 1944
dfs@dfs.is

Réttingar og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Jiiibbiii
Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Stálsmíði
- Stálinnréttingar
- Stálfestingar
- Ákeyrsluvarnir
- Sérsmíði
Andraco ehf
Lynghæð, Urriðafossvegi, 803 Selfossi.
Andri64@simnet.is | Sími 868 5876

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMENN
FAGVERK
EIGNAUMSJÓN
TRÉSMÍÐAR • PÍPULAGNIR
RAFVIRKJUN • MÚRVERK
MÁLUN • SÓLPALLAR
HELLULAGNIR • VÉLALEIGA
Sími 561 8080 • fverk@fverk.is

FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími
25 ára

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is